

**Vinnumálastofnun**  
**07 980**

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Skýringar .....	6

**Vinnumálastofnun**

**kt. 700595-2699**

**Kringlan 1, 103 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Vinnumálastofnun er ríkisaðili í A-hluta sem starfar m.a. á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir og atvinnuleysistryggingar. Stofnunin fer með yfirstjórn vinnumiðlunar í landinu og daglega afgreiðslu Atvinnuleysistryggingasjóðs, Fæðingarorlofsjóðs, Ábyrgðarsjóðs launa auk fjölmargra annarra vinnumarkaðstengdra verkefna.

Stærsti áhrifaþáttur í starfsemi Vinnumálastofnunar er fjöldi atvinnulausra. Á árinu var stígandi fjölgun á atvinnuleysisrá og var aukningin um 3.306 milli ára.

Útgjöld á árinu voru 1.773,4 m.kr. Stærsti liður í rekstri Vinnumálastofnunar er laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður. Á árinu 2019 var unnið að fjölmörgum verkefnum sem höfðu þann tilgang að draga úr langtíma atvinnuleysi. Um 43% af vinnuafli stofnunarinnar var ráðstafað í þjónustu við atvinnuleitendur með rétt til atvinnuleysisbóta.

Stærsti einstaki áhrifaþáttur á starfseminni var gjaldþrot Wow air. Afleiðingum falls flugfélagsins og versnandi horfum á vinnumarkaði var mætt með ýmsum tímabundnum fjárveitingum sem námu 158,2 m.kr. Heildarfjárveiting ársins úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum 2019, 369,0 m.kr.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 30 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Tekjur á árinu 2019 voru 1.742,0 m.kr. samanborið við 1.532,0 m.kr. árið á undan. Afkoma á árinu var neikvæð um 31,4 m.kr., sem er um 1,8% af útgjöldum ársins.

Það er álit okkar að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Vinnumálastofnunar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Stjórn staðfestir hér með ársreikning Vinnumálastofnunar fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	527.200.000	371.000.000
Framlög og ýmsar tekjur .....	3	1.187.710.778	1.131.909.864
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	27.161.846	29.279.370
<b>Tekjur samtals</b>		<u>1.742.072.624</u>	<u>1.532.189.234</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	1.369.988.844	1.224.549.375
Framlög og tilfærslur .....		335.483	2.834.000
Annar rekstrarkostnaður .....	5	375.932.947	326.494.014
Afskriftir .....	6	27.161.846	29.279.370
<b>Gjöld samtals</b>		<u>1.773.419.120</u>	<u>1.583.156.759</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(31.346.496)	(50.967.525)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(87.826)</u>	<u>(67.312)</u>
		(87.826)	(67.312)
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>(31.434.322)</u></u>	<u><u>(51.034.837)</u></u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(111.398.839)	(48.500.837)
Rekstrartilfærslur .....		<u>79.964.517</u>	<u>(2.534.000)</u>
		<u>(31.434.322)</u>	<u>(51.034.837)</u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir .....	7	<u>44.013.371</u>	<u>61.792.688</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....		21.710.914	22.492.019
Farartæki og vélar .....		<u>0</u>	<u>200.509</u>
		<u>21.710.914</u>	<u>22.692.528</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>65.724.285</u>	<u>84.485.216</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	154.188.984	99.486.632
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	17.806.094	11.524.883
Handbært fé .....	12	<u>1.637.356.071</u>	<u>913.592.086</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>1.809.351.149</u>	<u>1.024.603.601</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>1.875.075.434</u>	<u>1.109.088.817</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	13		
Hrein eign .....		<u>(30.433.301)</u>	<u>1.001.021</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(30.433.301)</u>	<u>1.001.021</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	1.704.874.811	912.996.720
Viðskiptaskuldir .....		8.978.295	16.483.768
Ýmsar skammtímaskuldir .....	14	133.439.869	96.529.702
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	15	<u>58.215.760</u>	<u>82.077.606</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>1.905.508.735</u>	<u>1.108.087.796</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>1.875.075.434</u>	<u>1.109.088.817</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	16		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(31.434.322)	(51.034.837)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	27.161.846	29.279.370
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(27.161.846)	(29.279.370)
		<u>(31.434.322)</u>	<u>(51.034.837)</u>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(6.281.211)	23.267.723
Tengdir aðilar .....		732.074.824	834.319.765
Skammtímaskuldir .....		29.404.694	(32.175.909)
		<u>755.198.307</u>	<u>825.411.579</u>
		<u>723.763.985</u>	<u>774.376.742</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	(8.400.915)	(5.607.610)
		<u>(8.400.915)</u>	<u>(5.607.610)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		5.100.915	2.407.610
Fjárfestingarframlag .....		3.300.000	3.200.000
		<u>8.400.915</u>	<u>5.607.610</u>
		723.763.985	774.376.742
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		913.592.086	139.215.344
		<u>1.637.356.071</u>	<u>913.592.086</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirliti um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár

## Skýringar

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	527.200.000	1.478.700.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga .....	0	(4.000.000)
Tekjufærsla fjárveitinga .....	527.200.000	371.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	27.161.846	29.279.370
	<b>554.361.846</b>	<b>400.279.370</b>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	366.900.000	300.000	0	367.200.000
Fjáraukalög .....	0	0	0	0
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	0	80.000.000	0	80.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>366.900.000</b>	<b>80.300.000</b>	<b>0</b>	<b>447.200.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ..	(558.298.839)	(335.483)	0	(558.634.322)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(191.398.839)</b>	<b>79.964.517</b>	<b>0</b>	<b>(111.434.322)</b>

	2019	2018
<b>3 Framlög og ýmsar tekjur</b>		
Kostnaðarhlutdeild .....	1.028.799.996	968.240.003
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	36.075.408	62.057.901
Ýmsar tekjur .....	122.835.374	101.611.960
	<b>1.187.710.778</b>	<b>1.131.909.864</b>

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	1.088.568.387	991.784.256
Orlof, breyting .....	26.920.797	(1.811.115)
Launatengd gjöld .....	247.865.879	228.456.898
Starfsmannakostnaður .....	6.633.781	6.119.336
	<b>1.369.988.844</b>	<b>1.224.549.375</b>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	130,0	127,4

## Skýringar

	2019	2018
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	3.057.292	3.016.450
Byggingarvörur, almennar .....	102.869	22.987
Tæki og búnaður til innréttinga .....	388.095	0
Ýmis tæki og áhöld .....	4.427.621	1.367.914
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	22.248	0
Orkugjafir .....	2.688.969	2.279.002
Matvæli .....	23.778.689	22.843.046
Almennar rekstrarvörur .....	2.167.156	2.518.379
Vörukaup, almenn	36.632.939	32.047.778
Fundir, námskeið, risna .....	2.726.421	4.323.417
Ferðir, uppihald .....	13.985.322	13.088.479
Akstur .....	4.218.640	6.672.906
Sérfræðiþjónusta .....	128.572.291	95.273.866
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	332.346	183.645
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	3.658.098	5.236.402
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	4.940.708	5.627.447
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	158.433.826	130.406.162
Samningsbundin kaup og leiga .....	6.191.435	4.159.385
Afnotagjöld .....	47.163.458	37.517.797
Leigugjöld .....	96.430.207	94.368.199
Notkun véla og flutningatækja .....	143.030	42.995
Verkkaup .....	18.241.549	13.578.092
Kostnaðarhlutdeild .....	11.965.408	14.239.027
Áhættutap og bætur .....	0	21.400
Tryggingar, lögboðnar .....	174.681	72.353
Opinber gjöld .....	556.414	40.826
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	180.866.182	164.040.074
Annar rekstrarkostnaður samtals	375.932.947	326.494.014
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	9.182.020	8.041.623
Farartæki og vélar .....	200.509	200.505
Sölutap og úreltar eignir .....	0	213.401
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	17.779.317	20.823.841
	27.161.846	29.279.370

## Skýringar

### 7 Óefnislegar eignir

	31.12.2019	31.12.2018
Óefnislegar eignir .....	44.013.371	61.792.688
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2019:		<b>Hugbúnaður</b>
Stofnverð 1.1.2019 .....		88.896.594
Viðbót á árinu .....		0
		<u>88.896.594</u>
Niðurfært 1.1.2019 .....		27.103.906
Niðurfærsla ársins .....		17.779.317
		<u>44.883.223</u>
Staða 31.12.2019 .....		<u>44.013.371</u>

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	21.710.914	22.492.019
Farartæki og vélar .....	0	200.509
	<u>21.710.914</u>	<u>22.692.528</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	48.543.468	1.604.047	50.147.515
Viðbætur á árinu .....	8.400.915	0	8.400.915
Selt/niðurfært á árinu .....	(2.334.890)	0	(2.334.890)
	<u>54.609.493</u>	<u>1.604.047</u>	<u>56.213.540</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	26.051.449	1.403.538	27.454.987
Selt/niðurfært á árinu .....	(2.334.890)	0	(2.334.890)
Afskrift ársins .....	9.182.020	200.509	9.382.529
	<u>32.898.579</u>	<u>1.604.047</u>	<u>34.502.626</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>21.710.914</u>	<u>0</u>	<u>21.710.914</u>

### 10 Tengdir aðilar

	31.12.2019	31.12.2018
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	154.188.984	7.754.375
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	91.732.257
	<u>154.188.984</u>	<u>99.486.632</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	1.637.835.191	912.996.720
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	67.039.620	0
	<u>1.704.874.811</u>	<u>912.996.720</u>

## Skýringar

	31.12.2019	31.12.2018
<b>11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður</b>		
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	11.216.235	7.597.866
Skattar .....	6.589.859	3.927.017
	<u>17.806.094</u>	<u>11.524.883</u>

### 12 Handbært fé

Tékkareikningar .....	1.637.356.071	913.592.086
	<u>1.637.356.071</u>	<u>913.592.086</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 1,7 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

### 13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	1.001.021	52.035.858
Afkoma ársins .....	(31.434.322)	(51.034.837)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(30.433.301)</u>	<u>1.001.021</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

### 14 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof .....	123.450.499	96.529.702
Ógreidd laun .....	4.283.397	0
Önnur ógreidd gjöld .....	5.705.973	0
	<u>133.439.869</u>	<u>96.529.702</u>

## Skýringar

### 15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	65.724.285	84.485.216
Umframráðstafað til fjárfestinga .....	(7.508.525)	(2.407.610)
	<u>58.215.760</u>	<u>82.077.606</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	84.485.216	(2.407.610)	82.077.606
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	3.300.000	3.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	8.400.915	(8.400.915)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(27.161.846)	0	(27.161.846)
	<u>65.724.285</u>	<u>(7.508.525)</u>	<u>58.215.760</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 24,8 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

### 16 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2027. Greiðslur vegna húsaleigu nema um 107,0 millj. kr. á árinu 2020.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.